

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 10/2003**

**frá 31. janúar 2003**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun 2001/37/EB fellir úr gildi tilskipanir 89/622/EBE <sup>(3)</sup> og 90/239/EBE <sup>(4)</sup> sem eru hluti af samningnum og ber því að fella þær brott úr honum.
- 4) Noregur skal viðhalda aðlögunarlið sínum við tilskipun 89/622/EBE.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XXV. kafla II. viðauka við samninginn:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 359, 8.12.1989, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 137, 30.5.1990, bls. 36.

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 2. lið (tilskipun ráðsins 90/239/EBE):

„3. **32001 L 0037:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum (Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Bannið í 8. gr. tilskipunarinnar gildir ekki um markaðssetningu í Noregi á framleiðsluvörinni sem er skilgreind í 4. mgr. 2. gr. Þessi undanþága gildir þó ekki um bann við sölu „snúss“ í forni sem svipar til matvæla. Þá skal Noregur banna útflutning á framleiðsluvörinni sem er skilgreind í 4. mgr. 2. gr. til allra aðilanna að þessum samningi, að Svíþjóð undanskilinni.“

2. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/622/EBE) og 2. liðar (tilskipun ráðsins 90/239/EBE) falli brott.

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/37/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*